

Minnisblað

TILLÖGUR UNDIRHÓPS – AÐFERÐARFRÆÐI VIÐ SKIMUN Á COVID-19 Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

DAGS. 20.05.2020
Höfundur Guðmundur Karl

INNGANGUR

Í kjölfar vinnuhóps sem skipaður var af Heilbrigðisráðherra þann 15. Maí, var stofnaður undirhópur með aðilum frá Isavia, Landsspítalanum og Heilsugæslunni til þess að útfæra framkvæmdina á Keflavíkurflugvelli ásamt því að koma með tillögu að verkferlum/staðsetningu.

Markmið vinnuhópsins er að skila ýtarlegri verk- tíma og kostnaðaráætlun varðandi skimun á Keflavíkurflugvelli þegar opnað verður fyrir flug á milli landa þann 15. Júní næstkomandi og er þetta minnisblað einn liður í þeirri skilum.

Afurð vinnuhópsins var að skila inn minnisblaði þessu ásamt ferlateikningum með fyrstu tillögum.

Nokkrar staðsetningar koma til greina sem álitlegur kostur, þær munu þó að mestu velta á umfangi sýnatökunnar en einnig spilar stórt hlutverk hvernig verkferlum verður háttað fyrir þá farþega sem kjósa að fara ekki í sýnatöku (þ.e. sóttkví eða heilbrigðisvottorð) verður háttað. Fyrir þarf að liggja ákvörðun um það hver samþykkir sóttkví eða heilbrigðisvottorð.

Þar sem að þetta ferli er nýtt af nálinni þá er mælt með því að byrja með ferlið með mannafla til þess að aðstoða farþegann en um leið og ferlið fer af stað og kemst reynsla á það verður horft til þess að minnka aðstoð við farþega og sjálfvirknivæða eins stóran hluta ferilsins og hægt er án þess þó að það hafi áhrif á öryggi, afköst eða gæði sýnatöku.

TILLAGA UM VERKFERIL

Vinnuhópurinn vann að tillögum um verkferil út frá þeim upplýsingum sem lágu fyrir. Markmið hópsins var að setja upp skilvirka og skýra verkferla sem á að vera hægt að skala eftir þörfum.

FERILL (FERLAMYND Í VIÐHENG 1)

Þegar farþegar koma inn í skimunarrými hafa þeir um fjórar mismunandi raðir að velja

1. Þeir sem kjósa að fara í sóttkví
2. Þeir sem hafa heilbrigðisvottorð
3. Þeir sem ætla í sýnatöku en eru ekki forskráðir
4. Þeir sem ætla í sýnatöku og eru forskráðir.

Fyrstu tveir flokkarnir ættu að vera í minnihluta en þó þurfa verkferlar að liggja fyrir sem þeir gera ekki að svo stöddu. Þegar þeir ferlar eru tilbúnir og farþegi búinn að fara í gegnum samþykktarferilinn má búast við því að farþegi geti haldið för sinni áfram í gegnum flugvöllinn óhindrað.

Farþegar sem ætla að velja sýnatöku þurfa að fara í gegnum tvö stig þegar kemur að sýnatöku. Annars vegar er það að prenta út límmiða með upplýsingum um sig og líma það á sýnatökuglas.

- Farþegar sem eru forskráðir verða með QR kóða í símanum sínum sem þeir geta skannað og þá prentast út límmiðið með viðeigandi upplýsingum. Þennan límmiða líma farþegar sjálfir á sýnatökuglas eða fá aðstoð frá starfsmönnum flugvallarins.
- Farþegar sem eru ekki forskráðir þurfa að skrá sig í sérstökum tölvum sem verða í boði. Þegar skráning er send inn prentast límmiði sem farþegar líma á sýnatökuglas eða fá aðstoð frá starfsmönnum flugvallarins.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort farþegi nálgast sjálfur sýnaglas sem væri staðsett nálægt skráningartölvu/prentara eða þá hvort starfsmaður flugvallar útdeildir sýnaglösom á farþega.

Eftir að farþegar eru komnir með glas í hendurnar og búin að líma límmiðann með viðeigandi upplýsingum geta þeir farið í röð fyrir sýnatöku, þar afhenda þeir starfsfólki sýnatöku glasið og sýnataka fer fram. Þegar sýnatöku er lokið er farþega hleypt áfram og hann getur haldið för sinni óhindraður.

Ýtarlegra ferlarit er í viðauka 1 með útskýringum.

MIKILVÆGIR ÞÆTTIR TIL AÐ HUGSA FYRIR

1. Sniðugt væri að láta forskráningarkerfi senda QR kóða með SMS til farþega, þá er búið að ganga úr skugga um að símanúmerið sé rétt skráð.
2. Gott væri að tala við Icelandair um að opna fyrir skráningarsíðuna um borð í flugvélum ásamt því að tilkynna farþegum að þeir geti flýtt fyrir sér með því að skrá sig á netinu.
3. Það þarf að liggja fyrir hvernig ferillinn er varðandi þá farþega sem eru með vottorð eða hyggjast fara í sóttkví. Hvar liggur ákvörðun ?
4. Tryggja þarf mönnun á þeim tíma sem komuvélar lenda bæði í flugstöð en einnig á greiningardeild Landsspítalans.
5. Flugfélög þyrftu að deila upplýsingum um flug með góðum fyrirvara þannig að hægt sé að manna í samræmi við farþegafjölda.
6. Upplýsingar þurfa að liggja fyrir hvenær allir farþegar eru afgreiddur svo að hægt sé að aka af stað með sýnin á landsspítalann. Til þess þarf réttar tölur frá flugfélögum um farþegafjölda og að nákvæm talning sé á afgreiddum farþegum.
7. Miðar sem prentaðir eru út fyrir sýnaglös skulu innihalda strikamerki í samræmi við kröfur beiðnakerfis spítalans
8. Hugsa verður um tilvik þar sem farþegi vill ekki nota neinn af valmöguleikum til þess að komast inn til landsins, þ.e. hver tekur við farþeganum. (t.d. ef vottorð er ekki samþykkt en farþegi er ekki tilbúinn að fara í sýnatöku)
9. Upplýsingar á límmiða þurfa ekki að innihalda allar upplýsingar sem notaðar eru við skráningu/forskráningu. Nafn, símanúmer og strikamerki ættu að nægja.